

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 30.4.18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Tröð, 29.apríl 2018.

Kæri oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Skafti Bjarnason.

Við undirrituð, eigendur og ábúendur í Tröð, erum mjög hugsí yfir fyrirhuguðum gatnaframkvæmdum við Heiðargerði hér í Árneshverfinu, og langar að fara fram á að legu götunnar verði ekki breytt frá því sem nú er, og að hún verði ekki lengd og tengd við Skólabraut eins og fyrirhugað er. Ástæður þess að við förum fram á þetta eru eftirfarandi:

Fyrirhuguð breyting á skipulagi Heiðargerðis, þ.e. breyting óbyggðra einbýlishúsalóða í par-eða raðhúsalóðir, og uppbygging þessara lóða, sem virðist í farvatninu á komandi árum, mun hafa í för með sér stórukna umferð um Heiðargerði á öllum tímum sólarhringsins. Verði gatan Heiðargerði tengd við Skólabraut og núverandi tengingu við þjóðveginn (Heiðarbraut) lokað eins og fyrirhugað er, mun öll þessi umferð færast nær húsinu okkar í Tröð, en nær öll svefnherbergi hússins snúa til austurs og þar með að fyrirhugaðri götu.

Samkvæmt landeignaskrá þjóðskrár, nær lóðin okkar út fyrir, - eða alla vega út á fyrirhugað götustæði, en þetta eru gögn frá skipulagsfulltrúa uppsveitanna frá nóvember 2016.

Hér í Tröð hefur einnig fæðst sú hugmynd að byggja annað íbúðarhús á lóðinni okkar, en fyrirhuguð gatnagerð mundi þrengja mjög að þeim möguleika.

Frá því að húsin Heiði og Tröð voru byggð hér uppúr 1970 hefur aðkoma að þeim verið sú sama og hún er í dag. Það er því komin hér um bil 50 ára hefð fyrir henni sem hlýtur að teljast mjög sterk hefð. Þá hafa ekki orðið teljandi óhöpp eða slys við afleggjarann inn á Heiðargerði svo við vitum og því getur hann tæplega talist hættulegur að okkar mati. Frárennsli frá húsunum við Heiðargerði 7 og 11 er nú þegar tengt við nýlegt fráveitukerfi í götunni við Hamragerði og ef hugsað er fyrir því í tíma teljum við vel gerlegt að gera ráð fyrir frárennsli frá óbyggðum lóðum við Heiðargerði þangað líka, - hafi staðið til að hafa frárennslisræsi í nýju götunni við Heiðargerði.

Þá sjáum við ekki annmarka á því að aðkoma að lóðinni við Heiðargerði 1, hornlóðinni næst Skólabraut, verði beint inná Skólabraut þótt Heiðargerði komi ekki þar útá Skólabraut.

Kæri Skafti. Það er von okkar að þú og sveitarstjórnin endurskoði fyrirhugaðar gatnaframkvæmdir við Heiðargerði og taki tillit til ofangreindra óska okkar.

Með þökkum,

Kolbeinn Agnarsson
 Kolbeinn Agnarsson

Loftur Erlingsson
 Loftur Erlingsson

Ljósbrá Guðmundsdóttir
 Ljósbrá Guðmundsdóttir

Helga Kolbeinsdóttir
 Helga Kolbeinsdóttir